

Stjórnarfundur 9.10. 2013 kl 8:15

Árdís Erna Halldórsdóttir, Eyjólfur Guðmundsson , Fanney Björg Sveinsdóttir, Ragnhildur Jónsdóttir, Davíð Kjartansson, Kristín Hermannsdóttir, Tinna Björk Arnardóttir, Vala Garðarsdóttir og Þorvarður Árnason.

Fundarstjóri: Ragnhildur Jónsdóttir

Fundarritari: Fanney

Dagskrá

1. **Stjórnarfundur, skipulag og fundarbragur.** Fundarstjóri lagði fram blað um fundarbrag og kynnti það fyrir fundarmönnum. Það var samþykkt. Sjá viðauka hér að neðan.

Rætt um að vera skilvirk og skipulögð á fundum en jafnframt vera skapandi í umræðum. Ný stjórn með nýju fólki, gefa okkur tíma til að kynnast núna til að byrja með.

2. **Farið yfir fundargerð síðasta fundar.**

3. **Framlag á fjárlögum og næstu skref.** Fundarstjóri lagði fram vefpóst frá Þórnari Sólmundarsyni frá 8.október 2013. Þar kom m.a. fram:

„Í öðru lagi er lagt til að 15 m.kr. verði veitt til Nýheima, nýs þekkingarseturs á Höfn í Hornafirði, sem ætlað er að þjóna samfélaginu á Suðausturlandi og leggja áherslu á að byggja upp samstarf á milli Sveitarfélags Hornafjarðar og Skaftárhrepps, um þekkingarstarf, nýsköpun og samfélagsþróun.“

Miklar umræður um viðfangsefnið. Rætt um framhaldsfræðsluna í þessu samhengi og brýna þörf á að fá skýr svör frá Sunnlendingum. Umsókn er að fara frá FAS og AFL á næstu dögum.

Einnig rætt um mikilvægi þess að tengja verkefnið við skapandi greinar, ásamt hinum markmiðunum eins og lagt var upp með í stofnskránni.

**Ragnhildur, Árdís og Eyjólfur skoða framhaldsfræðslumálin.**

**Aukafundur verður haldinn fimmtudaginn 17.október kl.12-14. Ragnhildur boðar aukafund.**

Fundi slitið kl.9.05

Eftirfarandi dagskrárliðir færðir fram á næsta fund.

4. Skapandi greinar, Nýheimar og Vöruhús
5. Önnur mál
  - a. Vefsíða Nýheima.
  - b. Kaffistofa á neðri hæð.

## **VIÐAUKI**

### **Starfsreglur funda stjórnar Nýheima**

Fundir eru haldnir að jafnaði annan hvern miðvikudag kl. 8:15 – 9:00.

Stjórnarmenn skiptast á um að stjórna og rita á stjórnarfundum. Fundarstjóri kallar eftir málum á dagskrá, skipuleggur fundinn og sendir út áminningu á mánudegi.

#### **Fundarreglur**

1. Fundur settur og fundargerð síðasta fundar rifjuð upp.
2. Mál tekin fyrir í samræmi við dagskrá.
3. Ákvarðanir eru bókaðar og tekið fram hver ætlar að fylgja ákvörðun eftir.
4. Hver bókun í fundargerð er lesin upp og samþykkt áður en gengið er til næsta dagskráliðar
5. Fundagerð hvers fundar er prentuð út og fundarmenn samþykkja hana með undirskrift sinni.

#### **Fundabragur**

Fundarmenn leggja sig fram um að hafa umræður frjálslugar og skapandi án þess að eyða honum í blaður. Allar skoðanir eru jafnréttháar þar að fjalla um í samræmi við það.

Munum orð Þorvaldar Þorsteinssonar sem sagði að margar bestu hugmyndirnar hefðu orðið til í bullsamræðum .